



Fundargerð:

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjud. 6. sept. 2011. Hófst kl. 14:00.
Fundarstaður: FUNDARSALUR AFLs, Miðvangi 2 – 4, Egilsstöðum.

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Sigrún Blöndal, Þórunn Egilsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Þórðarson í stað Stefáns Boga Sveinssonar, sem boðaði forföll. Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps, átti þess kost að sitja fundinn, sbr. dagskrárlið 1, en hún boðaði forföll vegna sveitarstjórnarfundar á sama tíma. Valdimar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Fjárfestingaverkefni. Velja átti af stjórn SSA allt að 7 verkefni skv. tillögum sveitarstjórna, sem kallað hafði verið eftir. Fulltrúi ÞFA, Ólafur Áki Ragnarsson, sem vinna mun úr verkefnum skv. tillögum sveitarstjórna í framhaldi af ákvörðun stjórnar SSA sat fundinn undir þessum lið. Með fundarboði fylgdu eftirtalin gögn:
 - a) Samantekt um tillögur sveitarfélaga v/ fjárfestingaverkefna.
 - b) Minnisbl. ÓÁR frá fundi í innanríkisrn. 29. ág. 2011 v/ sóknaráætlana landshl.Eftir ítarlega yfirferð um fyrirliggjandi gögn var ákveðið að vísa neðangreindum verkefnum til frekari úrvinnslu hjá ÞFA (Þróunarfélagi Austurlands). Við valið á tillögunum var tekið mið af því að þær samræmdust áherzlum, sem fram koma á tilvitnuðu ebl. og þar með vegna verkefnisins Ísland 2020. Jafnframt var horft til verkefna, sem þegar eru á fjárlögum, svo og til fjármögnunar einstakra verkefna af hálfu vaxtar- eða menningarsamninga. Um er að ræða fjárfestingarverkefni, þ.e. verkefni sem fela í sér stofnkostnað eða viðhald.
GJ lýsti þeirri skoðun sinni að með þessari afgreiðslu sé stjórn SSA ekki að bregðast við eins og til var ætlast og sé jafnframt að kasta frá sér tækifæri til að hafa bein áhrif á forgangsriðun verkefna í fjórðungnum hvort heldur þau eru á sviði samgangna, menningar eða mennta.

Fjármálaráðuneytið mun hlutast til um að tillögurnar fari fyrir samráðshóp ráðuneyta, síðan fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál og að lokum fyrir ríkisstjórn.

Verkefnin eru eftirtalin (viðeigandi till. einst. sveitarstjórna fylgja með sem greinargerð):

- I. – II. Landssamgöngur; jarðgöng og vegtengingar jarðarbyggða við miðsvæði Austurlands (listað upp í greinargerð með umsókninni, þannig að framkv. við jarðgöng verði forgangsraðað og framkv. við vegtengingar raðað á sama hátt). Stjórn SSA lítur svo á að aðalfundur SSA 2011 muni forgangsraða frekar slíkum verkefnum, sbr. t.d. ályktanir síðustu aðalf. SSA. Myndi sú forgangsriðun verða notuð við úrvinnslu fjárf.verkefna vegna fjárlagagerðar f. árið 2013, sem hefjast mun í febrúar / marz 2012.
- III. Egilsstaðaflugvöllur með tilliti til millilandaflugs og markaðssetningar svæðisins fyrir erlenda ferðamenn.
- IV. Menntamál, sbr. hugmyndir um uppbyggingu mennta- / þekkingarseturs í Kaupvangi á Vopnafirði og Jarðfræðiseturs á Breiðdalsvík.
- V. Álheimar / úrvinnsla á áli (áframvinnsla), sbr. hugmyndir um uppbyggingu slíkrar starfsemi á Seyðisfirði og í Fjarðabyggð.
- VI. Uppbygging á Ríkarðssafni á Djúpavogi.

VII. Auðlindin „Hreindýr á Austurlandi“, sbr. hugm. er fram koma í tillögum sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps um að öll umsýsla og stjórnun hreindýramála fari fram á Austurlandi og komið verði á fót hreindýrasetri.

Símafundur verður hjá stjórn SSA föstud. 9. sept. kl. 12:00 til að ljúka frágangi gagna.

2. Ársreikningur SSA 2010. Helztu niðurstöðutölur eru:

Tekjur:	29.112.000	
Gjöld:	34.257.346	
Afk. f. ve. og órl.liði	- 5.145.346	
Fjármagnsliðir:	1.349.786	
Hækkun lífe.skb.	- 107.056	
Egr. sveitarfélaga	3.907.939	(v/ útgöngu Hornf. og Skeggjast.hr.)
Rekstrarafkoma 2010:	5.379	
Peningalegar eignir:	30.961.039	
Skuldir:	- 684.000	
Lífeyrisskuldb.:	- 51.166.790	
Neikv. eigið fé:	20.889.751	

Eftir kynningu var samþykkt samhljóða að vísa ársreikningnum til aðalfundar SSA.

3. Drög að fjárhagsáætlun 2012 og endursk. FJ-2011 kynnt. Að lokinni yfirferð um gögnin var samþ. samhljóða að fela framkvæmdaráði SSA að ganga frá endanlegum tillögum til aðalfundar. Framkvæmdaráðið mun funda eigi síðar en 16. sept.
4. Undirritun nýrrar skipulagsskrár f. Minningarsjóð Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur & Stefáns Péturssonar. Skipulagsskráin verður staðfest af embætti Sýslumannsins á Sauðárkróki, en stjórn SSA staðfesti hana fyrir sitt leyti 25. ágúst 2011. Var hún undirritað af stjórn á fundinum.
5. Staðfesting og undirritun á reglum um menningarverðlaun SSA. Reglurnar fengu umfjöllun á fundi stjórnar 25. ágúst 2011. Endanlegt skjal staðfest og undirritað.
6. Drög að samþykktum (ályktunum) til að leggja fyrir aðalfund SSA. Unnið áfram að undirbúningi á frágangi draga að samþykktum, er senda á út tímanlega til kynningar fyrir sveitarstjórnarmenn á Austurlandi og leggja fram í nafni stjórnar á aðalfundi SSA 30. sept. og 1. okt. 2011 í endanlegri mynd.
7. Önnur mál.
Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:05.

Björn Hafþór Guðmundsson, fundarritari.